

Lamina Pictures  
Ármúli 40  
108 Reykjavík

Reykjavík, 15. maí 2023  
UST202304-229/p.V.B.  
09.04.00

### **Efni: Leyfi fyrir ljósmynda- eða kvikmyndatöku á friðlýstum svæðum**

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Anna Dís Ólafsdóttir, dagsett 24. apríl 2023, um leyfi til kvikmyndatöku innan verndarsvæðisins við Mývatn og Laxá.

Mývatn og Laxá í Suður-Þingeyjarsýslu eru vernduð skv. [lögum nr. 97/2004](#) um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu. Markmið laganna er að varðveita líffræðilega fjölbreytni, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Samkvæmt 17. gr. [reglugerðar nr. 665/2012](#) um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu skal leita leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hverskonar framkvæmdum og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Til að stunda athuganir, vöktun eða rannsóknir á náttúru verndarsvæðisins, svo sem sýnatöku vegna rannsókna, söfnun náttúrugripa, fuglaljósmyndun úr felutjöldum, kvikmyndatöku, fuglamerkingar, svo og aðrar hliðstæðar athuganir, skal afla leyfis Umhverfisstofnunar.

#### **Lýsing verkefnis:**

Sótt er um leyfi til kvikmyndatöku og drónaflugi yfir Eldhrauni. Kort sem sýnir tókustað og það svæðið sem til stendur að fljúga yfir fylgdi með umsókn. Dróni tæki á loft innan tókusvæðisins. Flughæði væri 10-40 metrar. Heildar flugtími dróna væri hámark 1 klst. Að tókunum koma 8 manns og færu þær fram 15. maí 2023 eftir hádegi.

#### **Umsagnir:**

Í samræmi við 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu óskaði Umhverfisstofnun umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn þann 12. maí 2023 vegna verkefnisins. Umsögn Náttúrufræðistofnunar barst þann 13. maí 2023. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar kemur fram að umsækjandi haldi sig fjarri vatninu og hafa flugið sem styðst. Skriflega umsögn barst ekki frá Náttúrurannsóknastöðvarinnar við Mývatn.

#### **Áhrifamat:**

Umhverfisstofnun metur verkefni ekki líklegt til að hafa neikvæð áhrif á náttúrufar og verndargildi svæðisins á þeim stað sem drónaflugið færi fram fari það fram í góðri fjarlægð frá vatninu. Gestir svæðisins geta orðið fyrir truflunum en sé farið eftir skilyrðum leyfis þá metur stofnuninn að hægt sé að draga úr neikvæðum áhrifum flugsins.

#### **Skilyrði:**

Umhverfisstofnun veitir Lamina Pictures fyrir sitt leyti leyfi fyrir drónaflugi yfir Eldhrauni innan verndarsvæðisins við Mývatn og Laxá sbr. lýsingu hér að ofanþann 15. maí 2023 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð athafnasvæðis kvikmyndatökuliðsins skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmd verkefnisins og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Kvikmyndatökuliðið skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að tókurnar valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Ef myndefnið er ætlað til birtingar opinberlega skal það tekið fram í myndbandinu/myndatexta að leyfi Umhverfisstofnunar hafi fengist fyrir kvikmyndatökunni innan hins friðlýsta svæðis.
- Allur akstur utan vega er óheimill.
- Starfsmenn verkefnisins skulu ganga snyrtilega um svæðið og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Stjórnandi drónans skal sýna öðrum gestum svæðisins tillitssemi og tryggja að flugið valdi eins litlu ónæði og hægt er.
- Aldrei skal að fljúga ómönnuðu loftfari í nágrenni og yfir fólki og forðast skal að trufla friðsæld svæðisins og upplifun gesta, öryggi þeirra og persónuvernd eins og hægt er.
- Aldrei skal fljúga ómönnuðu loftfari nálægt dýrum, hvorki nálægt hreiðrum né á varptíma eða á þeim tíma sem telst viðkvæmur fyrir dýr og fugla.
- Flugtíma skal haldið í lágmarki.
- Ef drónaflugið hefur truflandi áhrif á fugla- og/eða dýralífið skal því hætt samstundis.
- Stjórnandi/eigandi hins ómannaða loftfars ber ábyrgð á loftfarinu á svæðinu, að það skaði ekki fólk, dýralíf, eða náttúruna og það skilji ekki eftir sig varanleg ummerki á neinn hátt. Ef loftfarið brotlendir eða bilar skal ábyrgðarmaður þess sjá til þess að allir hlutar þess verði fjarlægðir.
- Af öryggisástæðum skal sá sem stjórnar ómönnuðu loftfari klæðast merktum fatnaði svo hægt sé að auðkenna viðkomandi.
- **Ef fálkar eða ernir eru á flugi á svæðinu er óheimilt að setja drónan á loft og skal drónanum lent um leið og þeirra verður vart ef þeir birtast eftir að flug er hafið.**

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Umhverfisstofnun mælist til þess að taka skuli á loft og lenda ómönnuðu loftfari í öruggri fjarlægð frá gestum svæðisins skv. reglugerð um ómönnuð loftför nr. 990/2017

Að öðru leyti skal haga flugi ómannaðra loftfari í samræmi við reglugerð nr. 990/2017, um starfrækslu fjarstýrðra loftfara.

Umhverfisstofnun bendir á að dróna sem notaðir eru í atvinnuskyni þarf að skrá sérstaklega hjá Samgöngustofu.

Leyfi landeigenda gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

**Eftirlit:**

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Dagbjört Jónsdóttir  
*sérfræðingur*

Þórdís Vilhelmína Bragadóttir  
*sérfræðingur*